

# TÓNLISTARSKÓLINN Á AKUREYRI

## Hljómfræði F2 - númer

Vorönn 2024

Kennari: Ívar Aðalsteinsson

Forkröfur: F1

Hæfniprep

Einingafjöldi:

### Áfangalýsing:

Klassísk hljómfærsla þar sem krómatískir hljómar geta komið fyrir er viðfangsefnið sem og hljómleysingar. Þessir krómatísku hljómar eru aukaforhljómar, aukaminnkaðir hljómar, napolíhljómur og stækk. sexundarhljómar. Tölusetning bassa er skoðuð. Raddfærsla er unnin bæði með gefnum bassa með og án tölusetningar og gefnum sópran. Hljómfærsla með fyrrnefndum hljómunum án gefinnar raddar er líka stúderuð. Þá er farið í hljómgreiningu nokkurra verka frá barokk- tímanum til rómantíska tímans.

### Námsmarkmið:

#### Þekking:

Nemandi þekki vel aukaforhljóma og aukaminnkaða hljóma, napolíhljóm og stækk. Gundarhljóma og það háttalag sem tíðkast þegar þeir eru raddfærðir. Hann þekki til hljómleysingja og þann hátt sem hafður er á við notkun þeirra. Hann geti greint ofangreinda hljóma í nótnaskift. Þá kunni hann skil á tölusettingum bassa með þessum hljómunum og þekki vel til greiningar á klassískum verkum með þeim og hljómleysingjum af ýmsu tagi..

#### Leikni:

Nemandi þarf að hafa lipur tök á því að nota aukaforhljóma og aukaminnkaða hljóma í þeirri flóru hljóma sem hann hefur nú tileinkað sér. Hið sama á við um napolíhljóm og stækk. sexundarhljóma. Og hann þarf að hafa náð færni í greiningu og notkun hljómleysingja og leikni í lestri og skráningu tölusetts bassa.

#### Hæfni:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að geta sinnt tónlistariðkun þar sem sú þekking og leikni sem upp er talin hér að ofan nýtist honum. Hér ekki síst átt við að hann geti skrifað út og greint hljómaframvindu í raddskráum með aukaforhljómunum, aukaminnkuðum hljómunum, napolíhljómunum og stækk. Gundarhljómunum ásamt með hljómleysingjum. Nemandinn ætti við lok námsins að hafa vald á hefðbundinni meðferð nánast allra hljóma í almennri notkun á barokktímanum til og með þeim rómantíska.

### Námsgögn:

Nótnaskrifbækur, vinnublöð sem nemandi fær í tímum

Námsmatsþáttur	Lýsing námsmatsþáttar	Vægi
Vinnubók og skrifleg hljómfærsluverkefni		100 %

# TÓNLISTARSKÓLINN Á AKUREYRI

Námsáætlun:

Vikur	Viðfangsefni	Verkefni
1. vika (3. – 5. jan 2024)	Fjallað almennt um algengustu krómatíska hljóma. Tölusetning á bassa skoðuð og útskýrð. Sjónum beint að aukaforhlómum og þeir útskýrðir.	
2. vika (8. – 12. jan. 2024)	Æfingar með aukaforhlómum og raddfærsla með þeim.	
3. vika (15. – 19. jan 2024)	Æfingar með aukaforhlómum	
4. vika (22. – 26. jan 2024)	Enn æfingar með aukaforhlómum	
5. vika (29. jan – 2. feb 2024)	Aukaminnkaðir hljómar útskýrðir og raddfærsla með þeim.	
6. vika (5. – 9. feb 2024)	Æfingar með aukaminnkuðum hljómunum.	
7. vika (12. – 16. feb 2024)	Enn æfingar með aukaminnkuðum hljómunum	
8. vika (19. – 23. feb 2024)	Napolíhljómur útskýrður og raddfærsla með honum.	
9. vika (26. feb.– 1. mars 2024)	Æfingar með napolíhljómi	

# TÓNLISTARSKÓLINN Á AKUREYRI

10. vika 4. – 8. mars 2024)	Stækkaðir sexundarhljómar útskýrðir og raddfærsla með þeim.	
11. vika (11. – 15. mars 2024)	Æfingar með stækkuðum sexundarhljómunum.	
12. vika (18. – 22. mars 2024)	Hljómleysingjar og notkun þeirra.	
13. vika (25. – 29 mars. 2024 )	Páskafrí	
14. vika (2. – 5. apríl 2024)	Hljómgreining þar sem allir þeir hljómar og hljómleysingjar sem lærðir hafa verið geta komið fyrir.	
15. vika (8. – 12. apríl 2024)	Hljómgreining þar sem allir þeir hljómar og hljómleysingjar sem lærðir hafa verið geta komið fyrir.	
16. vika (15. – 19. apríl 2024)	Hljómfærsla án gefinnar raddar með mismunandi hljómleysingjum	
18. vika (22. – 26. apríl 2024)	Upprifjun á námsefni vetrarins. Sýnispróf skoðað.	
19. vika (29. apríl – 3. maí 2024)	Upprifjun á námsefni vetrarins. Sýnispróf skoðað.	
20. vika (6. – 10. maí 2024)	Vorpróf úr efni áfangans	Próf